

SUPERIOR

— FÖRSÄKRA DINA RÄR GÅNGSÄFTER 1998

THE GREEN VINESTRI

getum við enn greint á milli?

6


DEPARTMENT OF DEFENSE, CHIEF OF STAFF, CHIEF OF STAFF FOR CYBER, AND CHIEF INFORMATION OFFICER

Bresk stjórmál í brennidepli:

HVERT STEFNIR TONY BLAIR?

eftir Baldur Þórhallsson

**RÍKISSTJÓRN UNDIR FORYSTU
VERKAMANNAFLOKKSINS
LEGGUR FRAM BREYTINGAR Á
VELFERDARKERFINU SEM
ÍHALDSFLOKKURINN LÉT SIG
AÐEINS DREYMA UM AÐ GERA.**



Sigurganga breska Verkamannaflokkns undir forystu Tony Blair verður varla stöðvuð í bráð. Slagorð forsætisráðherrans um nýtt Bretland, að færa valdini til fólkns og að Bretland muni leiða Evrópusamband framtíðarinnar hafa náð eyrum kjósenda og tryggt yfirlögðandi stöðu flokkns í bresku stjórnálum. Kjósendur flykkja sér enn um flokkinn en þegar lítið er á bresku dagblöðin birtist hins vegar

mun sundurleitari mynd. Það er einkar áhugavert að fylgjast með því hvernig blöðin hafa breytt um afstöðu til ríkisstjórnarinnar frá því að hún tók við völdum. Gómul flokksblöð Verkamannaflokkns vanda forsætisráðherranum og fylgisveinum hans ekki kveðjurnar meðan að hörðustu íhaldsblöð Thatcheráratugarins eru skyndilega ordin bandamenn ríkisstjórnarinnar í daglegri orrahríd stjórnálanna.

blöð Thatcheráratugarins, eins og til dæmis „The Daily Telegraph“, „The Times“ og útbreiddasta blað Bretlandseyja, slíðurblaðið „The Sun“, eru skyndilega ordin bandamenn ríkisstjórnarinnar í daglegri orrahríd stjórnálanna. Einn virtasti greinarhöfunur „The Guardian“, Polly Toynbee, örðaði

GÓMUL FLOKKSBLÖÐ VERKAMANNAFLOKKNS VANDA FORSÆTISRÁDHERRANUM OG FYLGISVEINUM HANS EKKI KVEDJURNAR MEDAN AÐ HÖRDUSTU ÍHALDSBLÖÐ THATCHERÁTUGARINS ERU SKYNDILEGA ORDIN BANDAMENN RÍKISSTJÓRNARINNAR Í DAGLEGRI ORRAHRÍÐ STJÓRNÁLANNA.

ástandið þannig: „Blöð Rupert Murdoch eru ekkert annað en áróðurssneplar ríkisstjórnarinnar þar sem birtar eru fréttatilkynningar hennar án nokcurrar vitrænnar greiningar á efnisinnihaldi þeirra“. Hvað veldur þessum sinnaskiptum blaðanna, sem einungis fyrir nokkrum mánuðum var hægt að ganga að sem vísum flokksblöðum?

SÖNN STEFNA EDA SVIK VID TRYGGA KJÓSENDUR

Í fyrsta lagi gleðjast gömlu íhaldsblöðin yfir því að flestar framkvæmdir stjórnar íhaldflokkns til 18 ára standa óhaggðar. Verkamannaflokkurinn heldur uppi svipaðri efnahagsstefnu, einkavæðing heldur áfram og eitt helsta markmið ríkisstjórnarinnar er að halda útgjöldum til velferðarkerfisins í skefjum.

Í öðru lagi fá blöð fjölmöldakóngsins Murdoch að starfa án nokkurra takmarkana á því hversu langt þau mega seilast inn í einkalif fólk og hversu illa þau mega skrifna um fólk, sem þau telja ógna sér eða ríkjandi samfélagsskipan. Blair hefur lofað að þessu verði ekki breytt og uppskorið gremju margra þingmanna flokksins. Í þriðja lagi, ef litlir er til áður tryggra stuðningsblaða Verkamannaflokkns, ríkir megn óánægja meðal þeirra sem og óháðra blaða eins og „The Independent“ um stefnuleysi ríkisstjórnarinnar, sem þau kalla svo, þau fullyrða að Tony Blair hafi svikið trygga kjósendur Verkamannaflokkns. Þau hafa margt til síns máls.


STJÓRNARSTEFNAN BREYTIST

Miklar væntingar voru gerðar til ríkisstjórnar Tony Blair þegar hún tók við völdum og hún stóð undir mörgum þeirra á fyrstu vikum valdatímans. Félagsmálasáttmáli Evrópusambandsins var staðfestur, auknu fó var varið til mennta- og heilbrigðismála, reynt hefur verið markvisst að finna vinnu fyrir ungt atvinnulaust fólk, þróunar-ástoð tengd við mannréttindi og lögfestingu á mannréttindasáttmála Evrópu var lofað, sem og einnig lögfestingu lágmarslauna svo fátt eitt sé nefnt. En blákaldur veruleiki ríkisbúskaparins hefur leitt til stefnubreytingar. Stjórnin hafði einungis

setið í nokkra mánuði þegar félagsleg aðstoð við einstæðar mæður og fatlaða var skorin niður, skólagjöld tekin upp í háskólam og alsherjar uppstökun velferðarkerfisins boðuð með það að markmiði að skera niður útgjöld enn frekar. Lögfestingu lágmarslauna hefur verið slegið á frest og nýjar tillögur hljóða upp á að lágmarslaun nái ekki til fólks undir 25 ára aldri og nýs fólk sá vinnumarkaði, svo sem fyrverandi atvinnuleysinga og heimavinnandi húsmæðra. Þetta eru einmitt þeir hópar sem eru á lægstuðum launum í dag. Ákeðnar greinir Mannréttindasáttmála Evrópu munu líklega ekki verða látnar ná til trúarlegra stofnana og fjöldi og mannréttindamál í Kína eru í fyrsta skipti í áratugi ekki gagnrýnd af bresku ríkisstjórninni.

TONY ERTU AD LJUGA AD OKKUR?

Ríkisstjórn undir forystu Verkamannaflokkns leggur fram breytingar á velferðarkerfinu sem íhaldflokkurinn lét sig aðeins dreyma um að gera. Það gengur gjörsamlega fram af mörgum gömlum fylgismönnum Verkamannaflokkns að hann skuli setja á skólagjöld í háskólam og leggja til umræðu í þjóðfélaginu um hvort sjúklungar eigi að greiða fyrir læknisaðstoð. Stefnuleysið er algert innan velferðargeirans og nú hefur allur niðurskurður til einstæðra mæðra og fatlaðra verið dreginn til baka og bætt um betur með því að auka greiðslur til þessara einstaklinga. Ofan á allit þetta bætast síðan upplýsingar um að Verkamannaflokkurinn piggi fjármagn frá fyrirtækjum og efnamiklum einstaklingum eins og íhaldflokkurinn gerði meðan að hann var í aðstöðu til að liðka fyrir ákveðnum hagsmunum. Frægasta dæmið er milljón puna greiðsta frá „Formula One“ kappakstrinum, til að tryggja að Verkamannaflokkurinn stæði ekki við kosningaloford sitt um að banna allar tóbaksauglysingar. Tony Blair tók sjálfur ákvörðunina um þá stefnubreytingu að „Formula One“ fengi undanþágu frá banni við tóbaksauglysingum. Í framhaldi af þessu beitti ríkisstjórnin sér ekki af minni hörku



en íhaldsstjórnin gerði á sínum tíma gegn allsherjar banni við tóbaksauglýsingum innan Evrópusambandsins. Að sjálfsgöðu sagði Blair að peningareiðslan hefði engin áhrif haft á stefhubreytingu ríkisstjórnarinnar. Peningum var engu að síður skilað til baka eftir allsherjar klúður 1 tengslum við þetta versta hneyksli stjórnarinnar til þessa, sem varpaði skugga á geislabaug sjálfss forsætisráðherrans. Aðalfyrirsögn á forsíðu „The Guardian“ spurði meira að segja „Tony ertu að ljúga að okkur?“

YFIRLÝSINGAGLEDI EN MINNA UM ATHAFNIR

Spurningin sem hlýtur að vakna við þessar aðstæður er, hvert stefna bresk stjórnál? Verkamannaflokkurinn boðar róttækjar breytingar á bresku þjóðfélagi, þar sem velferðarkerfið verður stokkað upp og þeir einir njóta góðs af sem eru þess þurfandi. Þessu geta stjórnarandstöðuflokkarnir ekki mótmælt en krafist svara við því hvaða leiðir eigi að fara. Íhaldsflokkurinn hafði vilja en ekki þor til að takast á við velferðarkerfið á valdaárum sínum og bíður í ofvæni eftir því að sjá hvernig faril verði að. Ekkert bólur hins vegar á svörum frá ríkisstjórninni og augljóst að breytingar á velferðarkerfinu hafa ekki verið hugsaðar til enda þó að ekki vanti yfirlýsingagleðina. Efnahagsstefnan er óbreytt og utanríkisstefnan áþekk stefnu fyrri ríkisstjórnar þó betur gangi að vinna með ráðamönnum handan Ermasundsins. Hugmyndarfræðilegur ágreiningur milli Verkamannaflokkssins og Íhaldsflokkssins á valdaárum Thatcher er liðinn undir lok. Átök um ólíska hugmyndastrauma sjást sjaldnast innan þingsins nema þegar aldraðir sözialistar innan ráða þingfloks Verkamannaflokkssins láta til sín taka. Það gerist þó æ sjaldnar. Brátt fyrir hringlandann í málflutingi Verkamannaflokkssins hefur Íhaldsflokknum ekki tekist að höggva í málflutning hans. Ástæðan er einföld. Íhaldsflokkurinn er samþykkur flestum framkvæmdum á stjórnarheimilinu. Það er helst að afstaðan til Evrópusamrunans skili flokkana að. Íhaldsflokkurinn er hins vegar ófær um að taka þann stefnumun upp af einhverri festu þar sem hann logar í illdeilum um málið og að yfir höfði sér klofning ef hann beitir sér af hörku fyrir nýrri skeptiskri Evrópustefnu hins unga foringja, William Hague. Upplausninn innan Íhaldsflokkssins gerir honum 1 raun ókleift að ná til annarra kjósenda en í sveitahérudum Englands og kvenna yfir sextugt.

DEILT UM PERSÓNUR I STAD MÁLEFNA

Átök stjórnálanna eru því 1 auknum mæli farinn að snúast um persónur. Persónulegir kostir og gallar stjórnálanna eru að verða brenniddepill stjórnálamaumræðunnar í stað þeirra hugmynda sem þeir standa fyrir. William Hague notar fyrirspurnatíma Blair í þinginu til að vitkast um framhjáhald utanríkisráðherrans, kostnað við veggfödrun á skrifstofum ráðherra og hvort að ógítir ráðherrar í sambúð hafi virkilega tekið maka sína með í opinberar ferbir erlendis á kostnað skattborgarana. Forsætisráðherrann hitti beint í mark þegar hann óskoði að dögunum eftir spurningum frá Íhaldsflokkum um menntamál og heilbrigðismál þar sem hann hefur ekki spurt einnar einstu spurningar tengdri þessum málflokkum síðan hann tók við floksleiðtogaembættinu. Mennta- og heilbrigðismál voru einmitt eldfimustu deilumálin á milli

flokanna á valdatíma Íhaldsflokkssins. Hvar er stefna Íhaldsflokkssins, spyra áður hin svokölluð flokksblöð Verkamannaflokkssins og heimta málefnalegri stjórnarandstöðu til að klekkja á málefnum ríkisstjórnarinnar. Á meðan eru hin hægi sinnadri blöð sátt við sitt og hrósa ríkisstjórninni fyrir að halda uppi svipaðri stefnu og fyrri ríkisstjórn.

Stjarna Tony Blairs skín skært innan lands sem utan þar sem floksleiðtoga systurflokk Verkamannaflokkssins horfa öfundaraugum á velgengni flokkssins. Það er hins vegar mun erfiðára að átta sig á því hvað hinn nýi Verkamannaflokkur stendur fyrir. Stjórnin boðar breytingar á bresku samfélagi en hvernig framkvæmd þeirra verður er hulin ráðgáta kjósendum sem og ráðamönnum sjálum.

Höfundur stundar doktorsnám í stjórnálafræði við háskólan Essex í Englandi.

**UPPLAUSNIN INNAN
ÍHALDSFLOKKSSINS
GERIR HONUM 1 RAUN
ÓKLEIFT AÐ NÁ TIL
ANNARRA KJÓSENDA
EN Í SVEITAHÉRUÐUM
ENGLANDS OG KVENNA
YFIR SEXTUGT.**

